

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Garðabæ fyrir árið 1996.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sbr. c-lið 3. gr. samþykktar um hundahald í Garðabæ nr. 257/1983, skal vera kr. 9.500 fyrir árið 1996. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. desember 1995.

2. gr.

Gjald vegna töku á hundum, sbr. 2. gr. ofangreindrar samþykktar skal vera kr. 5.000.

3. gr.

Um vexti á vangreiddu leyfisgjaldi gilda almennar reglur.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Garðabæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 20. nóvember 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Staðarhrepps í Skagafirði.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Staðarhrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Staðarhrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.